

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk, undirskrifuð af forsetanum 22. júlí 1949, nr. 88.

Auglýsing varðandi ferðalög milli Íslands og Saar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. ágúst 1949, nr. 89.

Auglýsing um samning milli Íslands og alþjóðafflugmálastofnunarinnar varðandi flughjónustu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. maí 1949, nr. 90.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 21. september 1949, nr. 91.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, undirskrifuð af forsetanum 21. september 1949, nr. 92.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, undirskrifuð af forsetanum 4. ágúst 1949, nr. 93.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Hollands, undirskrifuð af forsetanum 21. september 1949, nr. 94.

Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hóp morðum, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. september 1949, nr. 95.

Auglýsing um fullgildingu Norður-Atlantshafssamningsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra 11. október 1949, nr. 96.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942, undirskrifuð af skrifstofustjóra menntamálaráðuneytisins 21. september 1949, nr. 97.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um flutning þingstaðar. 149

26. sept.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 19. þ. m., og ósk hreppsnefndarinnar í Andakílshreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Hvítárvöllum að félagsheimilinu Brún í landi jarðarinnar Varmalækjar, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar. 150

27. sept.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 20. þ. m., og ósk hreppsnefndar Kjósarhrepps veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Reynivöllum í barnaskólahúsið Ásgarð í Kjós, enda annist hreppsnefndin að jafnaði verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.